

REGLUR um Æskulýðssjóð.

1. gr.

Stofna skal Æskulýðssjóð. Tekjur sjóðsins eru:

1. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
2. frjáls framlög.

2. gr.

Stjórn Æskulýðssjóðs skal skipuð sömu mönnum og skipa Æskulýðsráð ríkisins.

3. gr.

Meginhlutverk sjóðsins er að styrkja eftirtalin verkefni:

1. sérstök verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka sem unnin eru fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra,
2. þjálfun æskulýðsleiðtoga og leiðbeinenda til virkrar þátttöku í æskulýðsstarfi, m.a. með námskeiðum og þátttöku í þeim,
3. nýjungar og tilraunir í félagsstarfi barna og ungmenna,
4. samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka á sviði félagsstarfa.

Styrkir samkvæmt 1. mgr. taka ekki til árvissra eða fastra atburða í félagsstarfi, svo sem þinga, móta eða þess háttar atburða né ferða hópa.

4. gr.

Auglýsa skal eftir umsóknum um framlög úr sjóðnum tvisvar á ári. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um:

1. nafn og heimilisfang umsækjanda,
2. heiti, lýsing og markmið verkefnis, ásamt kostnaðar- og tímaáætlun,
3. fjölda þátttakenda,
4. samstarfsaðila eftir því sem við á.

5. gr.

Menntamálaráðherra úthlutar styrkjum úr Æskulýðssjóði að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Við mat á umsóknum skal m.a. tekið tillit til fjölda þeirra sem taka þátt í verkefnum og til eigin fjármögnunar verkefna. Sérstakt tillit skal taka til minni félaga og félagsamtaka er vinna að æskulýðsmálum. Stjórn Æskulýðssjóðs er heimilt að leita álits sérfróðra aðila við mat á umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði.

6. gr.

Styrkþegum ber að skila inn greinargerð um framkvæmd og fjárhagslegt uppgjör eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok verkefnis. Heimilt er að krefja styrkþega um endurgreiðslu ef greinargerð berst ekki innan framangreinds frests eða ef verkefni hefur ekki verið framkvæmt í samræmi við umsókn.

7. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 22. janúar 2004.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.